

Nettómótið 2025

Velkomin á okkar árlega körfuboltamóti í Reykjanesbæ helgina **1. og 2. mars.**



Dagskrá mótsins

LAUGARDAGUR

- 07:30** Móttaka liða hefst í Íþróttahúsinu við Sunnubraut
08:00 Leikir hefjast á öllum völlum
09:00 Dagskrá hefst í **88 HÚSINU**
09:00 – 19:00 Leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar
09:00 – 18:00 Vatnaveröld-Fjölskyldusundlaug opnar – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra
11:00 – 14:00 Hádegisverður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra
17:00 – 19:00 Kvöldverður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra
19:15 – 20:15 Kvöldvaka í Íþróttahúsinu við Sunnubraut
20:30 - Kvöldhressing á gististöðum

SUNNUDAGUR

- 07:00 – 10:00** Morgunverður í Fjölbrautarskóla Suðurnesja fyrir næturgesti
08:00 Leikir hefjast að nýju
09:00 Dagskrá hefst í **88 HÚSINU**
09:00 – 13:50 Leiksvæðið í Reykjaneshöll opnar
09:00 – 18:00 Vatnaveröld-Fjölskyldusundlaug opnar – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra
11:00 – 14:00 Pizzaveisla frá **Langbest** í Fjölbrautarskóla Suðurnesja – frítt fyrir keppendur og liðsstjóra
14:15 – 14:50 Verðlaunaafhending og mótsslit í Íþróttahúsinu við Sunnubraut (Blue höllinni)

Leikstaðir

Leikið verður á 18 völlum, 4 á 4 (8-10 ára), 2 x 12 mínútur hver leikur og 3 á 3 (6-7 ára), 1 x 12 mínútur hver leikur.

- Vellir 1-6** eru í Blue höllinni á Sunnubraut í Keflavík – *Árgangar 2015 og 2016*
Vellir 7-8 eru í Ljónagryfjunni í Njarðvík - *Árgangar 2014, 2015, 2016 og 2018*
Vellir 9-10 eru í Heiðarskóla Keflavík - *Árgangar 2015 og 2016*
Vellir 11-12 eru í Akurskóla Njarðvík – *Árgangar 2014, 2015, 2016 og 2018*
Vellir 13-14 eru í Íþróttamiðstöðinni í Garði – *Árgangar 2013, 2014 og 2015*
Vellir 15-18 eru í IceMar Höllinni Njarðvík – *Árgangar 2017 og 2018*

U.þ.b. 11 min. akstur er frá Blue höllinni Sunnubraut í Íþróttamiðstöðina í Garði

U.þ.b. 9 min. akstur er frá Blue höllinni Sunnubraut í Íþróttahús Akurskóla

U.þ.b. 11 min. akstur er frá Blue höllinni Sunnubraut í IceMar Höllina í Innri Njarðvík

Skutl í boði mótshaldara – Vantar ykkur far ?

Símanúmer á 9 manna bílnum sem er reiðubúin að skutla milli leikstaða eða í afþreyingu er: 863-0571

Hnetur eru bannaðar á Nettómótinu 2025

ATH. að dæmi er um keppendur á mótinu sem eru með bráðaofnæmi fyrir hnetum og því viljum við biðja foreldra á að passa upp á að vera ekki með nesti eða nasl sem inniheldur hnetur.

Bílastæði – Vinsamlegast leggið löglega

Við viljum benda á stór bílastæði bæði fyrir ofan Fjölbautaskóla Suðurnesja og fyrir neðan Vatnaveröld vegna fólksfjölda á verðlaunaafhendingu og kvöldvöku. **Vinsamlegast leggið löglega við íþróttamannvirki og skóla. Það hefur komið fyrir að lögreglan sekti þá sem leggja ólöglega.**

Liðstjórar og ábyrgðamenn liða þurfa að vera a.m.k. 18. ára

Mikilvægt er að ábyrgur aðili fylgi hverju liði. Ábyrgðaraðili yfir börnum sem gista þarf að hafa náð 18 ára aldri.

Gisting og gististaðir

Upplýsingar um hvar lið gista munu verða settar inn á heimasíðu mótsins <http://nettomot.blog.is> þegar þær liggja fyrir. Lið af landsbyggðinni sem koma á föstudagskvöldinu geta gengið frá skráningu og fengið afhent mótsgögn í íþróttahúsinu við Sunnubraut í Keflavík.

Mikilvægt er að vel sé gengið um skólana og stofum sé skilað í því ástandi sem komið var að þeim.

SportHero myndar alla á Nettómótinu

SportHero mun mynda alla keppendur í leik og öllum verður boðið að koma í **liðsmyndatöku** í anddyri íþróttahússins við Sunnubraut - **Blue höllinni**. Frekari upplýsingar verður að finna í mótsgögnum liða.

Verðlaunaafhending/lokaathöfn Sunnudag

Verðlaunaafhendingin hefst kl. **14.15** í íþróttahúsinu við Sunnubraut. Við byrjum uppstillingu liða í **B-sal kl. 14.00**.

Öll félög eru hvött til að koma með fána síns félags fyrir verðlaunaafhendinguna.

Framkvæmd verðlaunaafhendingar (sjá mynd). Mótsslit eru kl. **14.50**. Ef keppendur hafa yfirgefið mótssvæðið fyrir lokaathöfn eru verðlaun afhent í heild sinni einum forsvarsmanni hvers félags að lokinni athöfn fyrir alla þá sem eru farnir heim á leið.

